




LANDVERND

ÁRSRIT
2025–2026



Landvernd, landgræðslu- og umhverfisverndarsamtök Íslands, eru frjáls félagasamtök sem starfa að umhverfismálum til að vernda og bæta lífsgæðin í landinu. Hlutverk Landverndar er að standa vörð um íslenska náttúru og vera virkur þátttakandi í stefnumótun, fræðslu og upplýstri ákvarðanatöku í málum er varða landnotkun, auðlindir og umhverfi. Félagar í Landvernd eru um 5.300 og aðildarfélög eru 32.

Þessi skýrsla stjórnar er lögð fram á aðalfundi Landverndar 11. apríl 2026.
Forsíðumynd: Á Fjalljökli í Örfum/PMP.
Mynd á bls. 2–3: Ölmóðsey í Þjórsá/AS.
Ábyrgðarmaður: Þorgerður María Þorbjarnardóttir.
Umbrot: Örn Guðnason. Prentun: Litlaprent.



EFNISYFIRLIT

Hið ómælanlega og hið óskiljanlega	4
Umhverfisvernd finnur nýjar leiðir	6
Fiskisaga	8
Náttúran í regnboga heilsunnar.....	10
Unga fólkið bjargar þessu.....	11
Þar sem náttúran verður kennslustofa.....	12
Nemendur upplifa að þeirra rödd skipti máli	14
Hugur, hjarta og hendur	16
Útikennsla er öflugt mótvægi	17
Ályktanir og áskoranir	18
Nokkrir viðburðir frá starfsárinu 2025.....	20
Umsagnir og erindi	22
Mikil uppbygging í Alviðru	23
Starfsfólk Landverndar.....	24
Stjórn Landverndar	25
Rekstrar- og efnahagsreikningur Landverndar 2024.....	26
Hálendishátíð og Græna gangan	27

ÁVARP FORMANNS

ÞORGERÐUR MARÍA ÞORBJARNARDÓTTIR

HIÐ ÓMÆLANLEGA OG HIÐ ÓSKILJANLEGA

Sorglegt er að heyra tal um að auðveldlega sé hægt að gera allt í senn, bæði fjölga virkjunum og lúxushótelum og passa upp á viðerni og líffræðilega fjölbreytni. Bæði hafa sjókvíar í fjörðunum og vernda villta laxinn. Niðurgreiða jarðefnaeldsneyti og vera framarlega í loftslagsmálum. Á borð almennings eru bornar óraunhæfar lausnir. Við í náttúruverndinni bendum á þegar lausnir sem líta vel út á blaði eru óraunhæfar vegna þess að náttúran er ekki einfalt reikningsdæmi um plús og mínus.

Við bendum á þegar kolefnisbinding er ekki örugg til framtíðar, þegar mótvægisáðgerðir við sleppingar úr sjókvíum eru einungis norskir kafarar í froskabúningum að skjóta þá eldislaxa sem þeir sjá, og munu aldrei ná öllum löxunum. Við bendum á að flæðilíkan sem notar perlur til að spá fyrir um hegðun laxfiska er óviðunandi og að fiskar synda á móti straumi en ferðast ekki líkt og plast með straumnum. Við bendum líka á að þótt frumrannsóknir á mislitum spöðum í vindorkuverum geti bent til þess að rjúpur forðist þá, segir

það ekkert um það hvernig haförninn, sem er ránfugl, muni hegða sér við spaðana.

Við verðum að benda á alla þessa þætti því óðagot og æðibunugangur í framkvæmdum nú veldur bæði fyrirsjáanlegum og ófyrirsjáanlegum skaða á náttúrunni sem ekki verður tekinn til baka. Horfum fram á veginn og finnum leiðir til þess að gæta einmitt að því að almenningur hafi aðgang að ósnortinni náttúru. Þau lífskjör sem byggja á því að við



Landselur við Blikastaðakró í Grafarvogi.





Á sköflungi ofan Mosfellsheiðar.

hugsum vel um náttúruna og förum okkur hægt eru vanmetin og þau má ekki taka frá okkur með loforðum um að hægt sé að eiga kökuna og éta hana líka.

Við meðhöndlun á náttúrunni er reynt að nálgast hana með alls kyns aðferðafræði, en raunverulegur útreikningur á náttúrunni þar sem allar breytur eru metnar er ómögulegur. Það er alltaf einhver hluti af náttúrunni sem við fáum ekki skilið. Enn þann dag í dag eru að uppgötvast nýjar tegundir, sérstaklega á hafsbotni og oft eru útskýringar okkar á atferli og virkni tegundanna ekkert annað en getgátur.

- Við höfum til dæmis ekki hugmynd hvers vegna djúpsjávaráll sem heitir því skemmtilega nafni pokakjafstur, getur blásið út eins og blaðra og lýsir í myrkri.
- Fáir vita að umhverfis Ísland eru um 70 tegundir af kóröllum sem enn á eftir að rannsaka mun betur.
- Enn sem komið er vitum við takmarkað um sveppi og hvernig þeir virka sem samskiptanet milli trjáa.
- Nýlegar rannsóknir sýna fram á að fiðrildi og önnur skordýr notast við stöðurafmagn til að skynja umhverfi sitt. Hvernig og nákvæmlega hvers vegna er enn ekki vitað, líklega tengist það frjóvgun blóma.

Það er margt sem við vitum að við vitum ekki, og svo er enn fleira sem við vitum ekki að við vitum ekki.

Það er vegna þessarar óvissu sem varúðarregla umhverfisréttar er til. Ef töluverð óvissa er um skaðsemi einhvers er það náttúran sem á að fá að njóta vafans, ekki framkvæmdaðili. Það krefst þess ekki að framþróun verði hætt. Það krefst þess að við nútímavæðum viðmið okkar um velgengni. Við forgangsröðum og ráðstöfum auðlindum okkar á sjálfbæran hátt og til verkefna sem stuðla að jöfnuði, vellíðan, heilbrigði og tengslum. Það er krafa náttúrunnar til okkar og við verðum að hlusta og bregðast við.

ÁVARP FRAMKVÆMDASTJÓRA
BJÖRG EVA ERLENDSDÓTTIR

UMHVERFISVERND FINNUR NÝJAR LEIÐIR

Nýjungar og náttúruupplifanir einkenndu starf Landverndar á starfsárinu, sem í þetta skipti var bara tíu mánuðir af því aðalfundur er haldinn fyrr en venjulega. Eftir nokkra ládeyðu í umhverfisverndinni í kringum hagvaxtarmiðaða kosningabaráttu og niðurstöður kosninga fyrir einu og hálfu ári, þar sem umhverfið gleymdist og málsvarar þess hurfu, eru verndarsjónarmið að finna sér nýjan farveg. Stjórn málin eru enn ekki búin að átta sig á því að umhverfisverndarhreyfingar eru að þetta raðirnar og styrkur þeirra að aukast. En bíðið róleg, breytingar liggja í loftinu og ákall um náttúruvernd vex hratt.

LOFTSLAGSMÁL OG NÁTTÚRUVERND HÖND Í HÖND

Unnið var eftir endurnýjaðri stefnu Landverndar, frá síðasta aðalfundi, með áherslu á samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og verndun líffræðilegrar fjölbreytni, vernd í hafi og endurheimt votlendis. Formaður Landverndar sótti loftslagsráðsstefnu Sameinuðu þjóðanna og hélt fræðslufundi í samstarfi við fleiri samtök um loftslagsmál og samhengi

náttúruverndar og loftslagsbreytinga. Landvernd tók þátt í að bjóða í bíó á mynd Davids Attenboroughs um Hafið, vann með fleiri samtökum gegn djúpborunum á hafsbotni og að friðun hafsvæða, varaði við sjókvíaldi og hélt á lofti nauðsyn þess að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis. Landvernd hefur áfram lagt ríka áherslu á endurheimt votlendis og verndun landsvæða gegn raski sem fylgir stórframkvæmdum. Með greinaskrifum, umsögnum og viðburðum hefur Landvernd talað fyrir umhverfinu. Græna borðið, sjálfstæður þáttur, hóf nýlega göngu sína á Samstöðinni og heitustu málin, vindorka, gagnaver og stórsókn framkvæmda inn á hálendið hafa þar verið rædd og verða áfram.

Úr gönguferð í Ögmundarhrauni milli Krísuvíkur og Grindavíkur.



HÆTTUSVÆÐI VERÐI AÐ HÁLENDISÞJÓÐGARÐI

Landvernd vill keppa að náttúruvæði og umhyggju fyrir náttúrunni, stuðla að útivist og varpa jákvæðu ljósi á vernd í þágu framtíðarinnar. Þetta er best gert úti í náttúrunni og því efndi Landvernd til fjölda gönguferða um „heiðar í háska“ vegna áforma um stórkaraleg vindorkuver á yfir fjörotú svæðum á landinu. Einnig var gengið um Reykjanesfólkvang, náttúruverlu sem er innan seilingar fyrir 2/3 hluta landsmanna og fleiri þyrftu að kynna og hjálpa til við að verði Eldfjallaþjóðgarður á heimsvísu. Landvernd efndi til Fossagöngu á Gnúpverjafrétti og skoðaði stórfossana Dynk og Gljúfurleitarfoss sem eru nú á hættusvæði hálandisins vegna orkusóknar á áður áætluðu verndarsvæði. Þessir fossar þyrftu að falla undir Hálandisþjóðgarð. Við heimsóttum hafarni í Garpsdal og fjöru við Faxaflóa, gengum á Geldinganesi og í Gróttu og aftur er hafin göngudagskrá um Reykjanesfólkvang.

NÁTTÚRUVERND Í BORGARLANDI OG ÞÉTTBYLI

Talsvert var leitað eftir stuðningi Landverndar til að vernda grænu svæðin í borginni, sem ásókn er í, vegna margvíslegrar mannvirkjagerðar, þéttingar byggðar, landfyllinga, golfvalla og baðlóna, svo eitthvað sé nefnt. Þá vildu Veitur loka Heiðmörk að hluta ekki aðeins fyrir akandi umferð, heldur líka fyrir gangandi fólki, en Landvernd telur andstætt verndun náttúrunnar að banna dvöl og för fólks úti í náttúrunni nema ótvíræða nauðsyn beri til. Náttúruleg strandlengja höfuðborgarinnar og Græni trefillinn eru undir álagi, það reynir á friðlýst svæði og svæði sem unnið er í að vernda. Gróttu og Laugarnestangi eru dæmi um verndarsvæði sem Landvernd hefur stutt við, sem og við friðlýst svæði við Blikastaðakró og Leirvog gegn áformum um Sundabraut ofanjarðar. Friðlýsing Grafarvogs nýlega og Laugarnestanga áður, eru góðir áfangar fyrir okkur öll og náttúruna.

NÆGJUSAMUR NÓVEMBER GETUR SÉR GOTT ORÐ

Nægjusamur nóvember var haldinn á vegum Landverndar og Grænfánans, fjórða árið í röð. Verkefnið nýtur vaxandi vinsælda og raddir sem fundu því allt til foráttu að draga úr neyslu hafa hljóðnað. Sífelld fleiri skilja nú hugmyndafræðina um nauðsyn þess að vinna að fjölbreyttum loftslagsaðgerðum og nægjusemi sé einn af lyklunum að betri framtíð. Þannig sé hagvaxtarþráin, hlutaveikin og söfnunarárátta frekar þrándur í götu lífshamingju en lykillinn að henni. Í nýrri stefnu stjórnvalda í úrgangsförvörnum „Saman gegn sóun“, eru tekin skref í áttina að þessari hugmyndafræði og sífelld fleiri samtök og stofnanir óska eftir því að taka þátt í átakinu með Landvernd.

FJÖLBREYTTIR VIÐBURÐIR LANDVERNDAR Á ÁRINU

Starfsfólk Landverndar hefur boðið félögum upp á fjölbreytta viðburði og sinnt margvíslegum tengslum við almenning á árinu. Aðgerðahópurinn Náttúrubiörg var stofnaður og í honum eru um hundrað manns, til taks þegar samstöðu er þörf í aðgerðum til verndar náttúrunni. Haldinn var ráðstefna um rammaáætlun, með sérfræðingum úr faghópum hennar. Nokkrir fundir voru um loftslagsmál, um hringrásarhagkerfið, nægjusemi, aðgerðir gegn sóun, um



Vetrarblóm sem tilheyrir steinbrjótum.

vindorkuáform, auk þess sem vísindaferðir með háskólanemum voru fastir liðir í starfinu. Nýársgleði Landverndar var að þessu sinni haldin með Fly Over Iceland, til þess að náttúruunnendur gætu notið náttúru í svartasta skamdegini. Landvernd hefur tekið á móti mörgum góðum gestum á árinu og flutt erindi og setið í pallborðum hjá félagasamtökum í skólum og stofnunum.

STARFSFÓLK Á FULLRI FERÐ

Starfsfólk Landverndar er óbreytt frá fyrra ári. Andrés Skúla-son sinnir umsögnum og verkefnum með félögum og átaks-
hópum. Örn Guðnason stjórnar fjármálunum, ársritun og félagatalinu. Sigurlaug Arnardóttir stýrir Grænfánanum. Með henni eru Ósk Kristinsdóttir og Borghildur Gunnarsdóttir og eru þær óþreytandi við að efla menntun til sjálfbærni á allan hátt. Ragnhildur Katla Jónsdóttir tók við upplýsinga- og viðburðastjórn eftir síðasta aðalfund og hefur miðlun efnis frá Landvernd tekið mikinn kipp. Guðrún Schmidt, fræðslustjóri, hlaut styrk til að skrifa bók um samfélags- og kerfisbreytingar í átt til sjálfbærrar þróunar og vék að hluta frá föstum verkefnum fyrir Landvernd og Grænfánann á meðan. James A. Plenty fjáraflaði fyrir Landvernd í nokkra mánuði og Þorgerður María Þorbjarnardóttir, formaður Landverndar, gekk áfram í öll verk með starfsfólki og sinnir loftslagsmálum, erlendum ráðstefnum og samskiptum sérstaklega.

SJÁUMST Í GRÆNU GÖNGUNNI OG TAKK FYRIR ALLA VINNUNA

Undirritaður framkvæmdastjóri þakkar starfsfólki, stjórn og ekki síst fjölda almennra félaga fyrir frábært samstarf, samstöðu, vinnu og baráttuþrek og fyrir að vera á vaktinni gagnvart öllu sem er að gerast á óvenju ögrandi tímum. Ekki veitir af því kjörnir fulltrúar þessa lands virðast flestir sofandi fyrir þörfinni á að vernda náttúru, loftslag og víðerni.

Vöknum öll með Grænni göngu og Hálandishátíð á sumardaginn fyrsta.

Gleðilegt sumar.

NÍNA ÓLAFSDÓTTIR

RITHÖFUNDUR

FISKISAGA

Í breiðan fjörð á stórru eyju rennur mikil og fögur á. Silfri sólar slær á flötinn og á lítinn búk sem þar fer hjá. Það er ég sem er þarna kominn, hér hef ég dvalið allt mitt líf. Ég á mitt óðal hér í ánni en nú er komið að langferð lífs míns. Ég er smár og snöggur, kátur með nýja búninginn og renni mér af stað. Svíf áfram yfir landið eins og vatnið sem leikur um mig.

Ég staldra við í árósum, dáist að geislandi gárum og venst hinum nýja faðmi áður en ég hverf út á víðfeðm sundin. Enginn veit fyrir víst hvert ég fer. Ég velti því sjálfur lítið fyrir mér. Ég dvel í straumnum og ferðast með frændum. Í blóma hafsins, fjarri löndum, nærumst við vel. Stundum rekumst við á ættingja lengra að. Við köstum kveðjum, heyrum sögur. Viða þrengir að. Enginn veit hvað bíður þegar aftur er snúið.

Stundum ferðumst við í gríðarstórum torfum, stundum dreifumst við um hafið eitt og eitt. Dag einn hvíldist ég einsamall í straumnum og heyrði þá undurfagurt lag. Ég reyndi að svara en raustin er lítil og ég efaðist um að söngvarinn heyrði í mér. Mun oftast heyrast drunur stórra skipa.





Þá verð ég smeykur, kafa dýpra og bíð um stund. Ég er á varðbergi því hættur leynast víða. Alls staðar er djúpið, hulduefnið sem hylur mig. Á þeim óraviða himni blika ljósverur sem stjörnur.

Tíminn líður, ég styrkist og stækka. Óðum finn ég örlögin nálgast. Eftir áralanga dvöl kveð ég strauminn. Eftir kröftum jarðar skauta langa leið. Landið nálgast og ég rek snoppuna í efstu lögin. Þar er fjölbreytt fjallasýn, jöklar næra fallvötnin. Þau taka á móti mér og bjóða mig velkominn heim. Ég syndi áfram, heilsa þeim furðufiskum sem ég sé. Þeir spyrja mig hvert ferðinni er heitið. Þeir þekkja árnar og treysta á framburðinn.

Ég skynja efnið sem er greypt mér í minni og þefa áfram uns ósinn breiðir út faðminn. Ég kveð mína samferðafiska, óska þeim heilla síðasta spölinn að sinni fósturá. Á landi glóir sveitin í haustskrúði. Á fjalli ganga kindur í hópi.

Með bakkanum kemur sá sem dularfyllstur er, sá niðji náttúrunnar sem erfiðast er að skilja. Við vitum hvor af öðrum en hvorugur hinn sér. Hann veltir mörgu fyrir sér. Fyrir mig vegur ekkert þyngra en það sem maðurinn ætlar sér.

Ég sé ljósið brotna í yfirborðinu. Fagrir geislar lýsa upp agnir sem fljóta hjá. Rykmýið athafnar sig á fletinum og ég minnst tímans þegar ég gæddi mér á því. Það býr sig undir að stíga milli heima. Þeir kærleiksstrókar eru boð um það sem bíður mín.

Ég skipti um skapnað, krókurinn á neðri kjálka stækkar, og ég sveipast nýjum búningi. Held áfram hulinn skrautklæðum sem hæfa heimkomu. Ég syndi á móti straumi, yfir grynningar og kyrra hyl. Er umvafinn gömlum vinum sem brátt verða keppinautar. Við hvílumst fyrir síðustu flúðirnar. Engum dylst svipur þeirra sem áður hafa farið þessa leið og við fylgjumst náíð með þeim. Innan tíðar er komið að mér, ég tek tilsund og stekk sömu leið. Ég flýg upp í himin, viss um að enginn hafi stokkið eins langt og ég. Ryðst af krafti inn á æskustöðvarnar. Það er hér sem allt byrjar og endar. Mínum síðustu dögum ver ég í baráttu og ástarfundi.

Að kvöldi hinsta dags leggst ég á botninn. Faðma mölina, brotna niður, verð einn með ánni. Ég verð efnið sem var greypt mér í minni og tekur á móti afkomendum sínum. Sálin sér lengra og yfir víðara svið, spyr hve lengi munu jöklarnir næra mig. Hve lengi mun ég renna frjáls út í óspilltan fjörð. Hve lengi mun ég óma í þessum hyljum. Fyrir mér er einn dagur sem þúsund ár. Þúsund ár eða dagur.

Ferskvatn er meðal mest röskuðu vistkerfa heimsins. Á Íslandi erum við ennþá rík af óröskuðum vatnshlotum og berum því alþjóðlega ábyrgð.

PÉTUR HEIMISSON

HEIMILISLÆKNIR

NÁTTÚRAN Í REGNBOGA HEILSUNNAR

Þættir sem hafa áhrif á heilsu fólks kallast áhrifaþættir heilsu (mynd af vefsíðu landlæknis hér neðst á síðunni), bæði einstaklinga og samfélaga (lýðheilsa). Um 80% lýðheilsunnar eru rakin til annars en heilbrigðisþjónustu. Myndin sýnir óteljandi áhrifaþætti og að hluta samspil þeirra. Innri hluti heilsuregnbogans dregur m.a. fram erfðir, þekkingu og viðhorf, lífnaðarhætti, vana- og fjölskyldu- tengsl. Rauðu og grænu fletina mynda hins vegar ekki síst efnahags-, menningar-, náttúru- og félagslegir þættir sem hver um sig eiga (risa)stóran hlut í heilsu og lýðheilsu.

RISASTÓR UPPSPRETTA HEILSU

Maðurinn er hluti af lífsins vef og vistkerfum. Vefinn og kerfin spinna og byggja ekki síst smáar og örsmáar lífverur. Þær köllum við gjarnan óæðri, þó um margt séu þær grunnur afkomu okkar og hagsældar. Hluti þeirra og stærri lífvera hafa, vegna umgengni mannskepnunnar um náttúruna, goldið með lífi sínu, eru útdauðar. Í metsölubók David Attenborough, Líf á jörðinni okkar, er hlutfall villtrar náttúru sagt 66% árið 1937, en 35% árið 2020. Ísland er ríkt af slíkum auðlindum miðað við flest lönd. Náttúra og náttúrugæði eru í mörgum skilningi sjálfstæður áhrifaþættir og uppspretta heilsu, nokkuð sem þekking mín leyfir ekki að gera tæmandi skil. Matvæli, orka og hráefni til framleiðslu og aðdráttaraflíð stóra sem laðar hingað erlenda ferðamenn eru stoðir lífsviðurværis, allt náttúrunnar gjafir og meðal helstu forsenda heilsu. Enn er ónefndur líkt og svo oft, einn risastór drifkraftur lýðheilsunnar.



LÍFSORKAN SJÁLF

Drifkrafturinn sá á þátt í öllu sem einstaklingar, hver um sig eða saman, áorka með huga og hönd. Sprottinn ekki bara úr efnislegum gæðum og mat, heldur líka næringu sem líf- og skynfæri sækja í náttúruna. Velliðan sprottin af útivist, oft tengt hreyfingu er alþekkt. Síður góð líðan oft blandin lotningu og auðmýkt, sem kviknar af öðru. Kveikjan gjarnan hughrif frá sjón, heyrn, snertingu, lykt og ilmi, logni og vindum. Slík orka á mikið í sköpunargáfu og andagift vísinda, lista og víðar. Vísindin líta jafnvel til náttúrunnar um tæknilegar lausnir s.s. hvort læra megi af finleika og styrk köngulóarvefjar. Nefnt skal hugtakið One Health (Ein heilsa), byggt á samþættri og sameinandi nálgun með það að markmiði að hámarka heilsu fólks, dýra og vistkerfa, þ.e. alls lífs á jörðinni og samtímis jarðarinnar sjálfrar.

Vonandi varpa skrif mín einhverju ljósi á þær mörgu og sterku rætur sem heilsa og lýðheilsa eiga í náttúrunni sjálfri. Reynsluvísindi kynslóðanna segja; „góð heilsa er gulli betri“. Gætum við þeirra karata sem skyldi, í ljósi þess að það minnkar sem af er tekið, líka náttúran?



Áhrifaþættir heilbrigðis og vellíðanar, Dahlgren og Whitehead (1991), aðlöguð útgáfa Embættis landlæknis 2019 (3.0).

RAGNHILDUR KATLA JÓNSDÓTTIR UPPLÝSINGAFULLTRÚI LANDVERNDAR

UNGA FÓLKIÐ BJARGAR ÞESSU

Í aldanna rás hafa kynslóðir eftir kynslóðir látið alls konar sleggjudóma falla um þær sem á eftir þeim koma. Þú hefur líklega heyrt einhverja útgáfu af orðunum „þessi aldamóta-kynslóð er svo sjálfhverf“ eða „ungt fólk í dag kann varla að sjóða kartöflur“.

Aldursfordómar geta farið í báðar áttir og virðist það vera ansi stutt tímabil, ef eitthvað, þar sem einstaklingur er akkúrat á réttum aldri. Þó hef ég nokkrar efasemdir um þá staðhæfingu. Undanfarið hef ég séð ótal tækifæri boðin ungu fólki af því að þau sjá heiminn í nýju ljósi. Þau skilja tækni og afla sér upplýsinga á ógnarhraða. Ég hef líka séð reynslumikið fólk fá viðurkenningar og aðdáun fyrir alla þá þekkingu sem þau hafa sankað að sér í gegnum tíðina. Jú, það er munur þarna á milli og stundum getur verið erfitt að vilja fá áheyrn og viðurkenningu þegar samfélagið telur þig frekar eiga að bíða og þroskast.

Í náttúruvánni er sagan önnur. Þar er unga fólk ekki beðið um að bíða heldur hefur ábyrgðarhlassinu verið hlaðið á herðar þess. Ungu fólk á að bjarga náttúrunni. Náttúrunni sem Vigdís Finnbogadóttir sagði svo eftirminnilega að hennar kynslóð hefði ekki fengið í arf frá forfeðrum sínum heldur að láni frá framtíðarkynslóðum. Núverandi forseti nefnir trú á ungu fólk í öllum sínum ræðum og hafa opinberir aðilar oft talað um mikilvægi þess að hafa ungt fólk við borðið. En eru þessi fallettu orð innantóm? Munu ungir náttúruverndarar fá nógu mikið traust til þess að rétta af þá stefnu sem við erum á? Ungt fólk sem lætur í sér heyra fær kannski aðdáun og smá brot af verðskuldaðri athygli. Í hvert einasta sinn sem þau skrifa opinberlega eða tala fyrir fullum sal af fólki næra þau von og trú sem eldri kynslóðir hafa til þeirra.

Mannkynið og jörðin uxu í sundur einhvern tíma á síðustu öld. Tengslin eru ekki rofin en þau eru rýr svo líkja má þessu við skilnað á borði en ekki á blaði. Þá er bara eitt í stöðunni, að vonast til þess að börnin lagi það. Sum börnin gera sitt besta en sambandið þolir litla bið. Þetta samband þarf okkur öll. Það þarf reynslumiklu raddirnar og róttæku listamennina, hræddu foreldrana, börnin, ungmennin og þig.


Innblastur kviknar ekki alltaf af sjálfu sér heldur er hann vakinn og þú getur hjálpað öðrum að vakna. Sama á hvaða aldri þú ert þá vekur það aðdáun þegar talað er frá hjartanu og náttúran þarf fleiri hjörtu. Hún þarf að vita að henni verður ekki kastað til hliðar vegna nýrrar virkjunar eða neysluáráttu samfélagsins. Leiðin er ekki að bíða eftir börnunum



og ungu fólkinu heldur virkja ábyrgð allra aldurshópa. Við þurfum öll að blaka vængjunum, ekki bara í orði heldur líka með gjörðum.

Hvern einasta dag vona ég að ég geti veitt innblástur, jafnvel bara smá. Því kannski er það hvísl frá frænku ráðherra, ósk frá barni forstjóra eða göngutúr með ömmu sem hrindir okkur inn á rétta braut.

Í hlíðum Gilsfjarðar.



GRÆNFÁNALEIKSKÓLI:

ÞAR SEM NÁTTÚRAN VERÐUR KENNSLUSTOFA

Það er sérstök upplifun að koma í Grænfánaleikskólann Norðurberg í Hafnarfirði. Skólinn er hlýlegur og skólalóðin sannkallaður ævintýraheimur. Í nærumhverfi er mikil náttúrufegurð með hrauni, mosa, trjágróðri, klettum og fjöru. Þar eru óteljandi möguleikar til útikennslu og tækifæri til að tengjast náttúrunni daglega. Upplifa, njóta, uppgötva og finna, án þess að fara langt frá skólanum.

Anna Borg hóf störf sem leikskólastjóri við skólann árið 1998. Hún hafði frá upphafi skýra sýn á mikilvægi umhverfismenntunar og segir að útikennsla og umhverfismennt séu rauður þráður í starfi skólans. „Mig langaði að byggja upp starf þar sem börn fá að upplifa náttúruna og læra að bera virðingu fyrir henni,“ segir hún. „Þetta hefur þróast í gegnum árin og orðið hluti af okkar daglega starfi.“

ÆVINTÝRI Á SKÓLALÓÐ OG SPENNANDI ÚTSKRIFTARFERÐ

Á skólalóðinni hafa í gegnum tíðina verið gróðursett fjölmörg tré. Börnin njóta þess að leika sér í trjánum en eru jafnframt minnt á að ganga vel um. Að sögn Önnu fá þau stundum að velja sér sitt eigið tré, merkja það með nafni sínu og passa það vel.

Spennandi leynistígur liggur um lóðina en þar má einnig finna útiöldstæði sem hefur mikið aðdráttarafl. Þar er gaman að safnast saman, syngja, baka brauð og elda yfir opnum



Göngutúr í nærumhverfi Grænfánaleikskólans.

eldi. Nærumhverfi skólans er nýtt í daglegu starfi og elstu börnin fara einu sinni í mánuði í lengri ferðir í skóginn við Hvaleyrarvatn. Anna segir þau njóta þess að dvelja þar allan daginn, taka með sér nesti, leika og læra í dásamlegu umhverfi. Hápunkturinn er útskriftarferð í júní þegar börnin gista eina nótt í tjaldi og grilla saman. „Þessar stundir í náttúrunni eru ómetanlegar,“ segir hún.

Útikennslan í Norðurbergi er sífellt að þróast og mörg metnaðarfull verkefni hafa orðið til í gegnum árin. Einkunnarorð skólans eru einföld: „Allt sem hægt er að gera inni er líka hægt að gera úti“. Börnin vinna með málörvun, hreyfingu og félags- og tilfinningaþroska jafnt utandyra sem innandyra.



Í Norðurbergi er heilmikil ræktun, börnin eru stolt af uppskerunni, besta grænmetið er það sem við ræktum sjálf.



Velliðan skiptir máli á leikskólanum, þá er stundum gott að slaka á og horfa til himins.

ENGIN MATARSÓUN

Í Norðurbergi er einnig lögð mikil áhersla á að nýta allt vel; mat, rafmagn, vatn og allan efnivið. Börnin eru virkir þátttakendur í starfinu og læra meðal annars um flokkun og moltugerð. Markmiðið er að sögn Önnu að efla meðvitund þeirra um mikilvægi flokkunar bæði í leikskólanum og heima. „Við viljum að börnin finni að þau geti haft áhrif. Litlu hlutirnir skipta máli og venjurnar sem þau læra hér fylgja þeim vonandi áfram.“

Eitt þema sem Norðurberg hefur unnið með er matur. Þá voru unnin fjölbreytt verkefni um matarsóun. Anna segir matarafganga hafa verið vigtaða og þeir settir í „Svanga Manga“, lífrænu tunnu skólans. Keppni var á milli borða í matarstundinni um að minnka matarsóun og árangurinn lét ekki á sér standa, nánast enginn matur fór í lífrænu tunnuna. Ósnertir matarafgangar voru nýttir í næstu máltíð, til dæmis fór afgangur fiskur í fiskibollur og það sem ekki var hægt að nýta fór í moltutunnurnar á skólalóðinni.

ORKUSPARNADUR OG ÞÁTTTAKA ÚR NÆRSAMFÉLAGI

Samstarf við foreldra og nærsamfélag er einnig mikilvægt í Norðurbergi. Að sögn Önnu tóku foreldrar meðal annars þátt í að gera skólann plastpokalaus og heimilisfólk á Hrafnistu í Hafnarfirði saumaði fjölnota taupoka sem notaðir eru undir óhrein föt. „Samstarfið við foreldra skiptir sköpum,“ segir Anna. „Þegar heimili og leikskóli vinna saman verða áhrifin miklu meiri.“

Skólinn hefur einnig kynnt umhverfisstefnu sína í Hafnarfjarðarbæ og vakið athygli á góðum árangri, meðal annars hvað varðar minni vatns- og rafmagnskostnað og lægri kostnað vegna sorplosunar. Börnin eiga þarna hrós skilið fyrir virka þátttöku en að sögn Önnu gengur umhverfisráð barna reglulega um deildir skólans og fylgist með hvort ljós séu kveikt í mannlausum rýmum, hvort ofnar séu of heitir og hvort flokkun sé rétt framkvæmd. Deildir fá svo stjörnu fyrir góða frammistöðu.



Börn faðma tré á skólalóðinni.



Varðeldur í undirbúningi.

GRÆNFÁNINN Á VEL VIÐ Í LEIKSKÓLASTARFI

Norðurberg var fyrsti leikskólinn á Íslandi til að sækja um Grænfánann. Upphaflega var verkefnið eingöngu ætlað grunnskólum og efasemdir voru um að það hentaði leikskólum. Norðurberg sýndi hins vegar að Grænfánaverkefnið á einmitt mjög vel við leikskólastarf. „Börn eru forvitin og tilbúin að taka þátt,“ segir Anna. „Það þarf bara að treysta þeim og gefa þeim tækifæri.“

Anna segir að lokum að starfsfólk Norðurbergs sé gríðarlega stolt af Grænfánanum og markmiðið er að halda áfram að flagga honum inn í framtíðina í góðu samstarfi við foreldra og nærsamfélagið.

Grænfánaverkefnið eykur meðvitund um umhverfismál, vistspor, loftslagsmál, nýtingu og nægjusemi. Allt þetta skiptir máli fyrir framtíðina, að við skilum jörðinni í betra ástandi til næstu kynslóða.



Eldstæðið nýtist vel allan ársins hring.

UMHVERFISFRÉTTAFÓLK:

NEMENDUR UPPLIFA AÐ ÞEIRRA RÖDD SKIPTI MÁLI

Tækniskólinn hefur tekið þátt í alþjóðlega verkefni „Umhverfisfréttafólk“ frá því að það hóf göngu sína héraðs árið 2020. Sigríður Halldóra Pálsdóttir, brautarstjóri K2 Tækni- og Vísindaleiðar og kennari í Tækniskólunum, segir markmiðið með þátttökunni vera að styrkja umhverfismenntun og gefa nemendum tækifæri til að vinna með raunveruleg viðfangsefni sem tengjast samfélaginu. Hún telur að skólinn geti verið sterkt afl til jákvæðra samfélagsbreytinga.

VERKEFNI SEM Á ERINDI ÚT FYRIR SKÓLANN

„Samstarfið við Landvernd þótti okkur strax mjög spennandi og markvisst, því það sameinar rannsóknarvinnu, gagnrýna hugsun, sköpun og miðlun, allt þættir sem skipta miklu máli í náminu,“ segir Sigríður um aðdragandann að því að skólinn hóf þátttöku í verkefni. Hún segir uppsetningu verkefnisins hafa hentað nemendum vel því þau fá að vinna að verkefnum utan skólastofunnar og upplifa að rödd þeirra geti haft áhrif.

Misjafnt er hvernig skólar vinna verkefni en í Tækniskólunum er það unnið í áföngum. Fyrst er keppnin kynnt og dæmi skoðuð sem hjálpa nemendum að átta sig á ferlinu. Þá tekur við hugmyndavinna þar sem nemendur velja viðfangsefni og svo fer fram rannsóknarvinna með leiðsögn og endurgjöf. Að lokum vinna þau lokaafurð og áhersla er lögð á vandaðan frágang og skýra miðlun. Þau verja svo verkefni sín fyrir framan áhorfendur, foreldra, bekkjarfélaga, kennara og fulltrúa frá Landvernd. „Mark-



Sigrún Inga Jakobsdóttir, nemandi Sigríðar Halldóru, kynnir verkefnið Copper Jewellery Second life.

miðið er að þau upplifi að þau séu að vinna raunveruleg verkefni sem hefur erindi út fyrir skólann,“ segir Sigríður.

Hún segir aðstöðuna í Tækniskólunum skipta miklu máli í framgangi verkefnisins. „Eitt af lykilatriðunum er að við höfum fjóra samliggjandi tíma í stundatöflu, sem gefur nemendum raunverulegt svigrúm til að vinna verkefnið á dýptina og með meiri samfelli.“

UNNU KEPPNINA FYRSTA ÞÁTTTÖKUÁRIÐ

Aðspurð um eftirminnilegan atburð eða verkefni segir Sigríður að þau eigi mörg dæmi um nemendahópa sem hafa gert mjög vel. „Í fyrsta skiptið sem við tókum þátt í keppninni, árið 2020, unnum við með myndbandinu „Mengun með miðlum“, sem fjallaði um umhverfisáhrif samfélagsmiðla. Það var mjög ánægjulegt og gaf okkur mikinn kraft í áframhaldið,“ segir hún. „Þau létu svo ekki staðar numið þar, heldur tóku í framhaldi þátt í YRE-keppninni og unnu þar til verðlauna.“



Uppskeruhátíð Umhverfisfréttafólks var haldin í Hinu húsinu 2025 og var vel sótt. Þar sigraði Fjölbrotarskóli Suðurlands framhaldsskólakeppnina og Garðaskóli grunnskólakeppnina.

„Mér finnst margir upplifa það sem jákvætt að fá að vinna með raunveruleg málefni og skapa eitthvað sem á erindi út fyrir skólann. Það skiptir líka miklu máli að þau fái að vinna í formi sem hentar þeim.“

Þetta er ekki í eina skiptið sem Tækniskólinn hefur unnið keppnina hér heima því árið 2021 vann hópur drengja með spilinu Grænópólý. Sú saga er sérstök að sögn Sigríðar því drengirnir höfðu sjálfir litla trú á verkefninu og ætluðu ekki að senda það inn. „Mér fannst verkefnið hins vegar mjög gott, svo ég fann gamla Macintosh-dós heima, pakkaði spilinu niður, merkti og skilaði því inn. Það var síðan ótrúlega skemmtilegt og eiginlega mjög fallegt augnablik þegar þeir voru kallaðir inn í úrslit,“ segir Sigríður. Hún segir þetta hafa verið valdeflandi reynsla fyrir drengina og ljóst hve mikilvægt er að styðja hugmyndir nemenda og veita þeim sjálfstraust.

ÁHUGINN ALLTAF TIL STAÐAR EN NÚ FJÖLBREYTTARI

Þegar hún er spurð hvort greina megi ákveðnar bylgjur í vinsældum mismunandi umhverfismála segir Sigríður verkefni nemenda klárlega hafa þróast á þessum sex árum, bæði í efnistöfum og miðlun. Það standi þó upp úr hve góð þau eru í að finna sína persónulegu sýn á umhverfismálin og nálgast þau út frá eigin áhuga og styrkleikum. „Það koma vissulega stundum bylgjur þar sem fleiri en einn hópur sækir í svipuð málefni eða áherslur, en ég upplifi samt að nemendur nái yfirleitt að gera verkefni sín persónuleg og setja sitt eigið mark á þau.“

Varðandi almennan áhuga á umhverfismálum þykir henni hann alltaf vera til staðar en sé nú fjölbreyttari. „Nemendur tengja umhverfismál oft við fleiri þætti í dag, til dæmis tækni, neyslu, samfélagsmiðla, hönnun og jafnvel gervigreind,“ segir hún og bætir við að á K2 sé öflugur umhverfisfræðisfangi sem gefur góðan grunn. „Það skiptir miklu máli, því það gefur þeim bæði þekkingu og orðaforða til að ræða þessi mál af meiri dýpt,“ segir hún. Umhverfisfræði sé einnig í öðrum áföngum og komi inn í námið á fleiri stöðum og til dæmis sé rýnt í umhverfisáhrif í nýjum áfanga um gervigreind. Hún telur það hjálpa nemendum að sjá að umhverfismál tengjast mörgum sviðum samfélagsins og einnig þeirra eigin framtíð.

NEMENDUR VELJA FORM SEM HENTAR ÞEIM

Nemendur upplifa verkefnið sem krefjandi en líka gefandi að sögn Sigríðar. Hún segir það virka stórt í upphafi og þau geti verið órugg með hugmyndir sínar en þegar þau komast af stað sjái þau tilganginn með vinnunni. „Mér finnst margir upplifa það sem jákvætt að fá að vinna með raunveruleg málefni og skapa eitthvað sem á erindi út fyrir skólann. Það skiptir líka miklu máli að þau fái að vinna í formi sem hentar þeim.“

Umhverfisfréttafólk endar á keppni og uppskeruhátíð hér á Íslandi og vinningsverkefni eru send erlendis í alþjóðlegu keppnina Young Reporters for the Environment. Sigríður telur keppnina gefa skýran ramma og raunverulegan tilgang. „Nemendur finna oft að þau eru ekki bara að skila verkefni til kennara, heldur að vinna að afurð sem fer út fyrir skólann og getur fengið athygli annars staðar. Það eykur metnað, ábyrgð og fókus í ferlinu.“

Aðspurð segir hún verkefnið bæta heilmiklu við almennt skólastarf. Það tengi saman ýmsa þætti sem þau vilja efla í náminu en á K2 vinna þau með verkefnastýrt leiðsagnar-nám og Umhverfisfréttafólk fellur vel inn í þá áherslu. Hún segir verkefnið einnig opna skólann út á við og gera námið



Tækniskólinn sigraði keppnina árið 2021 með borðspilinu Grænópólý.

sýnilegra og merkingarbærara. „Verkefni eins og þetta kallar á góðar umræður, bæði um umhverfismál og um það hvernig við sem skóli getum unnið skapandi og markvisst með mikilvæg samfélagsmálefni,“ segir hún.

„Mér finnst líka stór styrkur hvað verkefnið hentar ólíkum nemendum vel því það er svigrúm fyrir mismunandi styrkleika. Það getur verið mjög valdeflandi fyrir nemendur að finna að þeirra leið og þeirra hugmynd fái pláss,“ segir hún. „Á K2 fellur þetta sérstaklega vel að okkar áherslum, en ég held að verkefnið geti nýst mjög víða, sérstaklega þar sem vilji er til að efla umhverfismennt, þverfaglega vinnu og ekki síst virkni nemenda.“

SAMSTARFIÐ VIÐ LANDVERND MIKILVÆGT

Að lokum vill Sigríður bæta við að stuðningurinn frá Landvernd í verkefninu sé gríðarlega mikilvægur og að samstarfið við starfsfólkið hafi skipt þau miklu máli bæði faglega og persónulega. „Þaðan kemur ekki bara fræðsla og hvatning, heldur líka vinátta, velvilji og einlægur áhugi á því sem nemendur eru að gera,“ segir hún. „Engin spurning er of lítil eða ómerkileg til að fá svar, og það stendur aldrei á þeim að koma til okkar í kennslu eða taka þátt í að dæma verkefni með mér í vörnum. Það skiptir gríðarlega miklu máli í svona verkefni,“ segir Sigríður að lokum. Menntateymi Landverndar þakkar henni kærlega fyrir innihaldsríkt spjall.

Sigríður Halldóra Pálsdóttir tók við sem brautarstjóri árið 2020 og þar með verkefninu Umhverfisfréttafólki sem er lokaverkefni á K2. Áður hefur hún unnið að þróunarstarfi, starfsendarannsóknnum og alþjóðasamstarfi. Sigríður hefur lengi haft áhuga á umhverfismálum og telur mikilvægt að þau séu kennd þverfaglega.



MENNTUN TIL SJÁLFBÆRNI:

HUGUR, HJARTA OG HENDUR

„Menntun á að kveikja eld, ekki að fylla ílát,“ sagði Sókrates forðum. Með þessu átti hann við að markmið menntunar sé ekki eingöngu að öðlast þekkingu, heldur að kveikja áhuga og auka skilning. Þegar við tengjum þekkingu við eigin reynslu þá verður hún lifandi og hefur áhrif á hvernig við hugsum og hegðum okkur. Ef þekking tengist ekki raunveruleikanum okkar verður hún fjarlæg og gleymist fljótt.

Vangaveltur Sókratesar eiga enn vel við í dag t.a.m. þá byggir aðferðafræði Grænfánans á hugmyndafræði sem kallast *Menntun til sjálfbærni*. Þar er tekist á við áskoranir í loftslags- og sjálfbærnimálum með því að breyta þekkingu í skilning og vilja til aðgerða. Unnið er með þrjú stig menntunar hug, hjarta og hendur.

Tökum dæmi þar sem nemendur í Grænfánaskóla eru að vinna með þemað vatn.

Á fyrsta stigi, **hugur**, er markmiðið að auka þekkingu og meðvitund nemenda á ýmsa vegu.

Nemendur geta til dæmis:

- Lært um vatnshringrás
- Skoðað eiginleika vatns
- Lært um lífríki í vatni
- Skoðað hvernig vatn birtist í listum, ljóðum og sögum



Verkefni um vatnshringrásina í Grunnskólanum í Hveragerði.

MENNTUN SEM LEIÐIR TIL AÐGERÐA

Með því að vinna með **hug**, **hjarta** og **hendur** öðlast nemendur ekki aðeins þekkingu heldur líka skilning og getu til aðgerða. Þannig verður menntun ekki bara fræðsla, heldur leið til að hjálpa ungu fólki að taka þátt í að skapa sjálfbærari framtíð.

Á öðru stigi, **hjarta**, er markmiðið að dýpka skilning og skoða hvernig vatn tengist eigin lífi, nærsamfélagi og hnattrænt.

Nemendur geta til dæmis:

- Lært um vatnsskort í heiminum
- Skoðað tengsl vatns við loftslagsbreytingar og neyslu
- Kynnst vatnasvæðum í nærumhverfi
- Rætt hvernig neysla okkar getur haft áhrif á vatnsauðlindir annars staðar í heiminum



Nemendur Kerhólsskóla gerðu líkan af farvegi vatns í nærumhverfi.

Á þriðja stiginu, **hendur**, nýta nemendur þekkingu sína til aðgerða. Markmiðið er að hvetja þá til þess að hafa áhrif. Nemendur geta til dæmis:

- Hvatt til minni vatnssóunar í skólanum
- Tekið þátt í strandhreinsun
- Rannsakað gæði vatns í nærumhverfi
- Safnað fyrir vatnsdælum fyrir þá sem hafa ekki aðgang að vatni
- Skipulagt fræðslu eða málþing fyrir skóla og foreldra
- Sent áskorun til sveitarfélagsins um eitthvað sem betur mætti fara



Nemendur í Grunnskóla Hólmavíkur settu upp skilti til þess að benda fólki á það að hægt væri að drekka vatnið beint úr læknum og spara þannig umbúðarusl.

MENNTUN TIL SJÁLFBÆRNI:

ÚTIKENNSLA ER ÖFLUGT MÓTVÆGI

Á tímum aukins áreitiss og skjánotkunar er sérstaklega mikilvægt að hlúa að andlegri og líkamlegri líðan barna og ungmenna. Útíkennsla er öflugt mótvægi þar sem hún m.a. eykur hreyfingu, styður við einbeitingu og dregur úr streitu.

Það þarf ekki að kafa djúpt í fræðin til þess að átta sig á kostum útíkennslu. Ávinningurinn birtist um leið og stigið er út fyrir vegg skólans. Þar skapast m.a. rými fyrir forvitni, sköpun og gleði en einnig verða oft til krefjandi aðstæður sem eykur seiglu og styrkir sjálfstraust nemenda. Í fjölbreyttum nemendahópum er reynsla barna af útiveru ólík og aðgengi að náttúru mismunandi. Í fjölbreyttum nemendahópum er reynsla barna af útiveru mismikil, enda eru aðstæður heimila og aðgengi að náttúru ólík. Sum börn alast upp við reglulega útivist en önnur hafa takmarkaða reynslu af dvöl í náttúru. Með markvissri útíkennslu geta skólar unnið gegn þessum ójöfnuði og tryggt öllum nemendum jöfn tækifæri til náms og upplifunar utandyra.

Útíkennsla hefur einnig jákvæð áhrif á félagsfærni. Samvinnuverkefni utandyra krefjast samskipta og lausnaleyta, nemendur upplifa sig sem hluta af heild sem eflir samkennd og styrkir tengsl innan hópsins. Sameiginleg reynsla í náttúrunni getur þannig haft varanleg áhrif á bekkjarbrag og skólamenningu.



Heillandi fjársjóðspokar vekja athygli og auka fjölbreytni í útíkennslnni.



Útíkennsla hefur jákvæð áhrif á tengslamyndun nemenda og samræðna.



Fjölbreyttar aðferðir í tungumálakennslu.

Þá ýtir útíkennsla undir væntumþykju og virðingu fyrir náttúru og umhverfi. Þegar nemendur læra af eigin reynslu, fylgjast með breytingum í nærumhverfi sínu og kynnast lífríkinu í beinni snertingu, dýpkar skilningur þeirra og ábyrgðartilfinning. Slík reynsla leggur grunn að umhverfisvitund og sjálfbærri hugsun til framtíðar.

Að lokum styður útíkennsla við fjölbreyttar kennslu-aðferðir og gerir kennurum kleift að mæta ólíkum þörfum nemenda. Hún opnar fyrir verklegt, skapandi og rannsóknarmiðað nám þar sem styrkleikar hvers og eins fá að njóta sín. Oftar en ekki sjást styrkleikar sem nemendum gefst ekki tækifæri á að sýna í skólafunni.

Útíkennsla byrjar einfaldlega á einu skrefi út. Þar opnast tækifæri sem erfitt er að skapa innan veggja skólans.



Líkanagerð eykur skilning nemenda með því að gera umfjöllunarfni sýnileg, hvetur til virkni.

Fjölmargir Grænfánaskólar hafa sýnt fram á hvernig má samþætta útíkennslu markvissst í daglegt starf, með sýnilegum og jákvæðum áhrifum á allt skóla-samfélagið.

Grænfáninn býður upp á fjölbreytt verkefni og verkfæri sem nýtast vel í útíkennslu og auðveldla samþættingu hennar við ólíkar námsgreinar. Grænfánaskólar geta jafnframt óskað eftir útíkennslnámskeiði sér að kostnaðarlausu.

ÁLYKTANIR OG ÁSKORANIR 2025–2026

ÁLYKTUN UM ÁHYGGJUR AF DJÚPSJÁVAR-NÁMUVINNSLU

Hér má sjá áskorun frá fjölda erlendra og innlendra náttúruverndarsamtaka sem hafa miklar áhyggjur af djúpsjávarnámuvinnslu sem gæti haft óafturkræfar og fordæmalausar afleiðingar á vistkerfi sjávar á heimsvísu.

Ályktunin var send á Krístrúnu Frostadóttur, forsætisráðherra, Jóhann Pál Jóhannsson umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra og Hönnu Katrínu Friðriksson atvinnuvegaráðherra.

Nú á árinu 2026 hefur Ísland tækifæri til þess að slást í för með stækkandi hópi ríkja sem stuðla að náttúruvernd, mannréttindum og hnattrænu réttlæti með því að styðja við **alþjóðlegt bann eða varúðarstöðvun á djúpsjávarnámuvinnslu**.

Fjörutíu ríki hafa stutt við bannið ásamt mannréttindastjóra Sameinuðu þjóðanna, stórra fyrirtækja og fjármálastofnanna, vísindamanna, samtökum í sjávarútvegi og almenningsamtökum. Með þessu bréfi óskum við eftir fundi með ykkur til þess að ræða hvernig Ísland getur stutt við málefnið.


Djúpsævi búa yfir einna þéttustu og fjölbreytilegustu líffræðilegu fjölbreytni á jörðinni, eru mikilvæg kolefnisgeymsla og geyma mikilvægar erfðaauðlindir. Djúpsjávarnámuvinnsla getur komið af stað keðjuverkun sem teldi til stærstu námuvinnsluverkefna mannkynssögunnar og ógnar hnattrænum hagsmunum okkar allra. Vísindamenn hafa ítrekað varað við að áhrif djúpsjávarnámuvinnslu myndu hafa vítt útbreyðslusvæði og skaðinn væri óafturkræfur. Tegundir myndu deyja út áður en þær hafa uppgötvast og vistkerfi sem veita mikilvæga vistkerfisþjónustu á hnattræna vísu myndu glatast. Vaxandi rannsóknir benda einnig

til að djúpsjávarnámuvinnsla sé óþörf og að efnahagslegur kostnaður sé meiri en ávinningurinn sem af þeim gæti hlotist.

Djúpsjávarnámuvinnsla myndi einnig auka hnattrænt óréttlæti og leiða af sér brot á mannréttindum. Það yrðu afleiðingar af áhrifum á aðra atvinnuþætti líkt og fiskveiðar sem fjöldi samfélagi reiða sig á, með rofi á kolefnishringrás hafsins og með neikvæðum áhrifum á þau sem eiga menningararf bundinn við hafið. Í nýrri skýrslu kallar sérfræðingur Sameinuðu þjóðanna í mannréttindum eftir því að áform um djúpsjávarnámuvinnslu verði stöðvuð samstundis þar til hægt verði að ganga úr skugga um að framkvæmdir skerði ekki mannréttindi og heilnæmi umhverfisins.

Þrátt fyrir ákall úr öllum áttum eru einhverjir meðlimir Alþjóðahafsbotnsstofnunarinnar (ISA) ákveðnir í því að innleiða gallaða námulöggjöf, þrátt fyrir stórt þekkingargat og veika stjórnsýslu utan um málefnið. Sérfræðingar sjá fyrir sér að við eigum enn að minnsta kosti 10-15 árum frá því að hafa þekkingargrundvöll til að taka upplýstar ákvarðanir um djúpsjávarnámuvinnslu. Þrýstingur á að hefja námuvinnsluna veikir alþjóðasamvinnu og er ekki í anda varúðarreglu umhverfisréttar.

Að auki fylgja djúpsjávarnámuvinnslu áhættuþættir sem myndu stórlega grafa undan samningi um vernd og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni hafsins á hafsvæðum utan lögsögu (BBNJ). Með stuðningi við bann eða varúðarstöðvun myndu Íslensk stjórnvöld stuðla að markmiðum BBNJ samningsins, líkt og markmiða um að um að styrkja viðnámsþol vistkerfanna, viðhalda og styrkja tilverurétt vistkerfanna og varðveislu á sameiginlegum arfi mannkyns fyrir núverandi og komandi kynslóðir. Varúðarstöðvun (sem er ekki endanlegt bann) er ekki einungis í samræmi við skyldu ríkja undir hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna



(UNCLOS), heldur myndi einnig styrkja við núverandi skuldbindingar annarra samninga líkt og samnings um líffræðilega fjölbreytni og samnings um loftslagsbreytingar.

Á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um hafið (UNOC 3) árið 2025 lagði Evrópusambandið áherslu á þá skuldbindingu sína sem fram kemur í samþykkt Evrópu um hafið (European Ocean Pact), að öll áform um djúpsjávárnámu-vinnslu verði stöðvuð þar til hægt er að fullyrða að hún sé ekki ógn við vistkerfi hafsins. Í kjölfar skýrrar stefnu Evrópu-sambandsins á árinu 2025 bættust nokkur evrópsk ríki í hóp þeirra 40 sem styðja við bann eða varúðarstöðvun. Það voru Lúxemborg, Slóvenía, Kýpur, Lettland, Króatía og Rúmenía. Við hvetjum íslensk stjórnvöld til að taka sterka afstöðu með þessari evrópsku, og hnattrænu hreyfingu, til stuðnings við verndun á sameiginlegum hafsvæðum og arfi mannkyns sem felast í ósnortnu djúpsævi.

Við skorum á íslensk stjórnvöld að bætast í hóp ríkja sem fara fram á bann eða varúðarstöðvun á djúpsjávárnámu-vinnslu á árinu 2026.

Á tímum hnattrænna ógna vegna loftslagsbreytinga, me-
ngunnar og hnignunnar líffræðilegrar fjölbreytni er mikil-
vægt að taka til greina litla vísindlega þekkingu á djúpsævi
og þar með mikilvægi þess að fara fram á varúðarstöðvun á
framkvæmdaáformum sem myndu leiða af sér óaftur-
kræfan skaða. Það yrði komandi kynslóðum til heilla.

Við myndum gjarnan vilja eiga fund með Íslenskum
stjórnvöldum og ræða aðgerðir Íslenskra stjórnvalda við
fyrsta tækifæri.

OPIÐ BRÉF TIL FJÖLMIÐLA Á ÍSLANDI

Landvernd skorar á fjölmiðla landsins að ráða til starfa umhverfis, nátt-
úru og loftslagsfréttamenn með þekkingu og yfirsýn á mikilvægasta
málaflokki samtímans og framtíðarinnar.

Ápreifanlegt bakslag í náttúruvernd og loftslagsmálum stafar ekki
af áhugaleysi og er ekki á ábyrgð almennings, heldur sterkra hagsmuna-
aðila sem hafa hag af því að halda umræðu um málaflokkinn niðri.

Umfjöllun um náttúruvernd og loftslagsvernd hefur lotið í lægra haldi
fyrir ákafri umræðu um auðlindanýtingu, þar sem hagvöxtur er æðsta
markmiðið.

Óumdeilt er að umhverfis- og loftslagsmál eru stærstu áskoranir
mannkyns og virtir fjölmiðlar í almannabágu erlendis starfrækja fréttá-
deildir og sinna rannsóknarfréttamennsku í umhverfismálum. Á Íslandi
er lítið um slíkt og minnkandi. Umhverfisverðlaun sem stjórnarráðið
veitti fjölmiðlafólki árlega voru síðast veitt fyrir fimm árum.

Við skorum á að RÚV fjölmiðill í almannaeigu og aðrir íslenskir fjölmiðlar
axli ábyrgð í náttúru- og loftslagsmálum og standi fyrir víðtækri, upplýstri og
gagnrýnni umfjöllun á sviði umhverfismála.

Íslensk náttúra á sér fáa málsvara í stjórnálgunum og því er hlutverk f
jölmiðla og sérstaklega RÚV brýnna og stærra en nokkru sinni.



Með fyrirfram þökk,
Sofia Tsenikli, stjórnandi Deep Sea Mining Moratorium her-
ferðarinnar hjá Deep Sea Conservation Coalition, Þorgerður
M. Þorbjarnardóttir, formaður Landverndar, Árni Finnsson
formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, Sæunn Júlía
Sigurjónsdóttir, formaður Sustainable Ocean Alliance á
Íslandi, Laura Sólveig Lefort Scheefer, forseti Ungra umh-
verfissinna

**Deep Sea Conservation Coalition, Landvernd, Náttúru-
verndarsamtök Íslands, Ungir umhverfissinnar, Pew, Seas
at Risk, WeMove Europe, Sciaena, Deutsche Stiftung
Meeresschutz (DSM), OceanCare, the Lookdown
collective**



NOKKRIR VIÐBURÐIR FRÁ STARFSÁRINU 2025



Nýársboð Landverndar vakti mikla lukku í ár, en þar var gestum m.a. boðið að fljúga um náttúru Íslands í flughermi Fly Over Iceland.



Landvernd ásamt nokkrum náttúrverndarsamtökum héldu málþing um Rammaáætlun í Veröld, Húsi Vigdísar, þann 18. október 2025.



Landvernd var meðal fjölmargra félagasamtaka sem studdu við kröfugönguna „Þjóð gegn Þjóðarmorði“ sem fram fór 6. september 2025.



Spilakvöld eru orðinn fastur liður í dagskrá Landverndar. Á þeim skemmtilegu kvöldum er yfirleitt alltaf húsfullir.



Sköflungsganga Landverndar, sem gengin var 19. júní 2025, var þriðja gangan undir merkjunum „Heiðar í háska“.



Á gullfalegum síðsumardegi gengu náttúruverndarar um svæðið við Þjórsá.



Góður hópur gekk um Garpsdal í byrjun október 2025 undir merkjum „Heiðar í háska“, en þar eru miklar vindmyllu-framkvæmdir á teikniborðinu.



Landvernd fór í fjölmargar göngur í ár með flottu fylgdarliði. Hér er hafarnarungi á leið í Garpsdal.



Á einu af okkar notalegu félagakvöldum, þann 13. mars 2025, kenndi Rán Flygenring okkur að nýta teikningar í náttúruvernd.



Landvernd fór hringinn í kringum landið og fundaði með náttúruunnendum um málefni umhverfisverndar og náttúru.

UMSAGNIR OG ERINDI

Enn fjölgar umsögnum og athugasemdum sem Landvernd sendir frá sér vegna skipulagsmála, framkvæmda, stefnu- mótunar og fleiri aðgerða sem hafa mikil áhrif á umhverfi, loftslag og náttúru. Umsagnirnar eru afar fjölbreyttar og margvíslegar, en eins og sjá má af listanum hafa áætlanir

um risastór vindorkuver víða um land verið fyrirferðarmiklar á árinu. Stytting ferla til að flýta framkvæmdum er annað atriði sem athygli vekur á starfsárinu.

Hér að neðan má sjá lista yfir umsagnir sem Landvernd sendi frá sér á starfsárinu.

- Skilvirkir ferlar
- Einföldun ferla
- Dyravegur vindorkuver
- Skipulagstillaga Múlaþing
- Orkuöflun
- Skattlagning orkumannvirkja
- Hvalveiðar
- Heiðmörk, vatnsvernd almanna réttur
- Skýrsla til Árósasamningsins
- Barnafoss – Hraunfossar, fiskastigi
- Hávaðamengun og vindmyllur
- Svæðisskipulag Vestfjarða
- Þverá – Yggdrasill vindorka
- Atvinnustefna stjórnvalda
- Loftför – ljós og mælingar
- Lög um loftslagsmál
- Vonarskarð, opnun vegslóða til bráðabirgða
- Gunnarstún bygging á grænu svæði
- Úrvinnslusjóður
- Hjallaleira
- Notkun sjávarauðlinda utan lögsögu
- Vindorkuver Garpsdal í nýtingaflokk
- Landsframlag til Parísarsáttmálans
- Fjaraskipti og Farice
- Áform um vindorkustefnu
- Kjalalda og Héraðsvötn, breyting frá tillögu um verndun
- Sundabraut
- Hamarsvirkjun, breyting frá tillögu um verndun
- Flýtimeðferðir fimm virkjana

- Loftslagsbreytingar, viðskipti og sjálfbærni
- Hoffellslón, náttúruperla undir baðlón Bláa lónsins
- Sameining stofnana. Mast, Fiskistofa o.fl.
- Þingsályktun, Þjórsá úr bið í nýtingu
- Raforkulög verndar og orkunýting
- Dráp friðaðra fugla
- Hnútvirkjun
- Atvinnustefna stjórnvalda
- Stytting og einföldun ferla til að flýta framkvæmdum
- Búðafossbrú
- Sjókvíaldí, með IWF
- Laxárþakki ferðaþjónusta
- Ferðaþjónusta við Holtsós
- Vindorkustefna
- Lagareldisfrumvarp
- Vindorka Langanesi
- Aðalskipulag Múlaþings
- Aðalskipulag Norðurþings
- Vatnalög
- Fimm rammaáætlunarbreytingar, Hamarsvirkjun
- Álftanes Kasthústjörn, deiliskipulag
- Vindorkutilraunaverkefni Sauðanesi
- Heilbrigðiseftirlit lagt niður
- Saman gegn sóun
- Raforkueftirlit - stjórnarfrumvarp
- Eignarnám raforkuinviða.
- Raforkuöryggi heimilanna



Gljúfurleitarfoss, einn af fossum Þjórsár, neðan við Dynk.



ALVIÐRA:

MIKIL UPPBYGGING

Stjórn Alviðru starfar í samræmi við þá framtíðarsýn sem stjórn Landverndar markaði. Þar segir m.a. að Alviðra verði skrautfjöldur í starfsemi Landverndar og að starfsemi þar eigi að efla mennt í sjálfbærni, útvist og náttúruupplifun. Með því styrkist staða náttúruverndar á Íslandi og Alviðra efli mikilvægan þátt í starfsemi Landverndar. Þá á Alviðra að vera griðastaður fyrir almenning sem vill njóta útvistar í fallegu og að mestu ósnortnu umhverfi.

Verkefni stjórnar hafa verið margþætt. Unnið var að því að gera fjós og mjólkurhús nothæf fyrir fundi, námskeið og skemmtanir með aðstoð sjálfbóðaliða SEEDS, undir leiðsögn Auðar I. Ottesen. Fjarskiptafyrirtækin hafa flutt búnað sinn úr fjósinu og komið honum fyrir á staur vestan við hlöðuna. Bílastæðið var endurnýjað og nýtt merki var sett upp á íbúðarhúsið. Jón Jól Einarsson færði Alviðru að gjöf 70 m² stórt topptjald sem áformað er að koma fyrir nærri Vigdísarrjóðri og hafa upp sem viðbótaraðstöðu.

Búið er að gera nýjan samning við *Starir ehf.* um veiðirétt til næstu 5 ára. Félagið mun áfram nýta veiðihúsið á tímabilinu máí til loka september. Veiðihúsið var leigt út frá október 2025 til apríl 2026



Friðsæld í Alviðru.



Tryggvi Felixson, stjórnarformaður Alviðru.



Framkvæmdir við útihús í Alviðru.

Boðið var upp á opna fræðsludagskrá fyrir almenning með hefðbundnum hætti. Um 200 manns tóku þátt í ýmsum dagskrárliðum. Í maí komu tveir skólar í dagsheimsókn og félagið Aldin mætti til gönguferðar um jörðina. Vistræktar-námskeið var haldið af *Auður allt árið ehf.* ásamt tveimur námskeið í smíði útihúsgagna úr afgangstimbri.

Grenndargarðurinn er samvinnuverkefni í umsjón Auðar I. Ottesen. Uppbygging í garðinum var töluverð, en þátttakendur eru félagar í Landvernd. Vatnstanki var komið fyrir við garðinn. Áfram var haldið við að útbúa sameiginlegt ræktunnarsvæði, gróðursetja berjarunna og ætar, fjölærar blómplöntur.

Seeds, alþjóðleg sjálfbóðaliðasamtök sem skipuleggja sjálfbóðaliðavinnu með áherslu á náttúruvernd, samfélagsþróun og fræðslu, hafa síðustu þrjú ár leigt íbúðarhúsið fyrir allt að níu sjálfbóðaliða í tíu daga lotum, frá miðjum apríl og fram í miðjan september. Sjálfbóðaliðarnir unnu að uppbyggingu staðarins einu sinni til þrisvar í viku frá apríl til september, en mættu jafnframt til vinnu í nokkur skipti eftir að þeir voru fluttir frá Alviðru í október og fram í miðjan desember. Lúpínueyðing með Sjálfbóðaliðasamtökum um náttúruvernd og SEEDS var í lok maí.

Þrjár aðilar nýttu landið í Alviðru til hrossabeitar og gekk samstarfið vel.

Á árinu var undirritaður samningur um rannsóknir fyrir vatnstöku við Vatnsveitu Árborgar. Unnið er að langtíma-samningi um nýtingu vatnslinda fyrir Áborg.

STARFSFÓLK LANDVERNDAR



Andrés Skúlason

verkefnastjóri

Andrés hefur mikla reynslu af félagsmála- og stjórnunarstörfum. Hann hóf störf hjá Landvernd 2021.



Borghildur Gunnarsdóttir

sérfræðingur í menntateymi

Borghildur er umhverfis- og auðlindafræðingur. Hún hefur unnið sem fatahönnuður og við blaðamennsku. Hún hóf störf 2024.



Björg Eva Erlendsdóttir

framkvæmdastjóri

Björg Eva er fréttamaður frá Norges Journalist Högskole og landvörður. Björg Eva hóf störf hjá Landvernd 2023.



Guðrún Schmidt

fræðslustjóri og sérfræðingur í menntateymi

Guðrún er með M.A. í menntun til sjálfbærni og B.Sc. í búvísindum. Hún er með aðsetur á Egilsstöðum. Guðrún hóf störf 2020.



Ósk Kristinsdóttir

sérfræðingur í menntateymi

Ósk er með M.Ed. í kennslufræðum með áherslu á náttúrufræðigreinar. Hún hóf störf hjá Landvernd 2021.



Ragnildur Katla Jónsdóttir

upplýsingafulltrúi Landverndar

Ragnildur Katla er sálfræðimenntuð listakona með áhuga umhverfis- og náttúruvernd. Hún hóf störf 2025.



Sigurlaug Arnardóttir

verkefnastjóri Grænánans og umhverfisfréttafólks

Sigurlaug er með M.A. í hagnýtri menningarmiðlun. Sigurlaug hóf störf hjá Landvernd 2019.



Örn Guðnason

fjármálastjóri og félagafulltrúi

Örn er viðskiptafræðingur frá HÍ og grafískur hönnuður. Örn hóf störf hjá Landvernd 2020.

STJÓRN LANDVERNDAR



**Þorgerður María
Þorbjarnardóttir**

formaður

Jarðfræðingur með meistaragráðu í leiðtogafræðum náttúruverndar.



Helga Hvanndal Björnsdóttir

varaformaður

Umhverfis- og auðlindafræðingur M.Sc. með bakgrunn í heimspeki BA, með áherslu á umhverfissiðfræði.



Gunnlaugur Friðrik Friðriksson

gjaldkeri

B.Sc. í tölvunarfræði og B.S. í heimspeki.



Anna Þórhildur Gunnarsdóttir

ritari

Píanókennari með MA frá Hollandi og sjálfstæður listamaður.



Kristín Helga Gunnarsdóttir

meðstjórnandi


Rithöfundur og leiðsögumaður. Blaða- og fréttamaður frá Utah háskóla í Bandaríkjunum.



Einar Þorleifsson

meðstjórnandi


Náttúrufræðingur.



Birgir Thorarinnsson

meðstjórnandi

Hagfræðingur og tónlistarmaður með B.Sc. í tölvunarfræði.



Stefán Örn Snæbjörnsson

meðstjórnandi

Matvæla-, nýsköpunar-, umhverfis- og auðlindafræðingur.



Kristín Vala Ragnarsdóttir

meðstjórnandi

Jarð- og jarðefnafræðingur, prófessor emerita.



Gústaf Viðarsson

meðstjórnandi

Skógræktarráðgjafi með MS frá LBHÍ.


REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2025

	2025	2024
Rekstrartekjur:		
Árgjöld	51.426.500	53.509.050
Almennir styrkir	20.679.511	21.841.267
Verkefnatengdar tekjur og styrkir	58.192.778	54.615.003
Umsýslu- og aðstöðugjald	6.821.130	6.391.800
Aðrar tekjur	1.498.372	4.283.338
	138.618.291	140.640.458
Rekstrargjöld:		
Laun og launatengd gjöld	69.021.872	69.009.124
Verkefnatengd gjöld	55.368.278	56.695.424
Annar rekstrarkostnaður	20.468.575	27.470.305
Afskriftir	0	46.640
	144.858.725	153.221.493
Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:	(6.240.434)	(12.581.035)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:		
Vaxtatekjur	5.463.803	5.518.473
Vaxtagjöld	0	0
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	5.463.803	5.518.473
Afkoma ársins	(776.631)	(7.062.562)


EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2025

	2025	2024
Eignir		
Fastafjármunir:		
Jörðin Alviðra	8.385.054	8.385.054
Verðbréfaeign Hússjóðs	27.818.470	26.214.055
	Fastafjármunir samtals	36.203.524
Veltufjármunir:		
Kröfur	4.038.250	4.475.626
Handbært fé	50.206.240	53.659.809
	Veltufjármunir samtals	54.244.490
	Eignir samtals	90.448.014
Skuldir og eigið fé		
Eigið fé:		
Óráðstafað eigið fé	84.252.071	85.028.702
	Eigið fé samtals	84.252.071
Skammtímaskuldir:		
Ýmsar skammtímaskuldir	6.195.943	7.705.844
	Skuldir samtals	6.195.943
	Skuldir og eigiðfé samtals	90.448.014
	90.448.014	92.734.546


ÞUMARDAGURINN FYRSTI Í
ÁR VERÐUR TILEINKAÐUR
NÁTTÚRUNNI.



HÁLENDIS HÁTÍÐ



UM KVÖLDIÐ VERÐUR
HÁLENDINU FAGNAÐ MEÐ
TÓNLEIKAVEISLU Í IÐNÓ




FYRIR HVAD ÆTLAR ÞÚ AÐ
GANGA 23. APRÍL?

GRÆNA GANGAN



ALLIR NÁTTÚRUUNNENDUR LANDSINS
GANGA Á AUSTURVÖLL MEÐ GRÆNA
FÁNA Í GRÆNNI GÖNGU





LANDVERND